

Fundargerð stjórnarfundar 03.11.2008 kl 20:00

Mættar: Hrafnhildur Harpa, Ragnheiður Þóra, Petra Rós, Sigurbjörg, Hjördís og Rannveig. Páll Leó Jónsson skólastjóri mætir einnig á fundinn.

- Skólaráð og foreldrafélag.** Skólastjórinn Páll Leó mætir á fundinn og fer aðeins yfir lög varðandi hlutverk foreldrafélaga grunnskólanna. Og eru það eiginlega 3 atriði. 1. Styðja við skólastarfið. 2. Hugsa um velferð nemenda. 3. Efla tengls foreldra og nemenda. Einnig fór hann yfir breytingar sem eru að verða á foreldraráði en það hefur verið fellt niður og úr verður nýtt Skólaráð sem samanstendur af fulltrúm foreldra, kennara, annara starfsmanna skólans, nemenda og einum auka manni. Eigum við að finna 2 fulltrúa í þetta ráð. Lagði Páll fram tillögu fyrir okkur að á aðalfundinum gæti hann komið og kynnt hlutverk ráðsins og við myndum svo biðja um umboð fundarins til að stjórnin finni þessa fulltrúa eftir aðalfundinn.
Páll Leó vikur af fundi. Þökkum við honum fyrir gagnlegar upplýsingar.
- Jólafondur FGG, 29. nóvember n.k.** Farið yfir fönndrið og verkefnum deilt út. Harpa er búin að gera pöntun á keramikið. Petra Rós útbýr auglýsingar á pappír og töskumiða og Harpa hefur samband við Magneu varðandi auglýsingu á heimalestrarskrár og einnig við Palla með heimasíðuna. Stjórnin skiptir á milli sín bekkjadeildum til að hringja í bekkjafulltrúa vegna baksturs á hlaðborð. Fá 6 aðila úr hverjum árgangi til að baka. Harpa athugar með málningu. Athuga með að fá Sólnýju til að sækja fönndrið. Ragnheiður sér um skiptimynt og það sem þarf á hlaðborðið. Hver stjórnarmaður fær svo einn með sér til að aðstoða á fönndrinu. Allt ætti þá að vera klárt fyrir fönndrið. Stjórnin hittist svo á föstudagskvöldinu til að raða öllu upp og gera klárt.
- Aðalfundur FGG 11. nóvember n.k.** Farið yfir dagskrá fundarins. Búið að fá fyrirlesara. En María Eir og Kristín Pálsdóttir ætla að fara yfir uppbyggingarstefnuna á skemmtilegan hátt. Kristinn Reimarsson frístunda- og menningarfulltrúi mætir og fer yfir hlutverk sitt og starfsemi þrumunnar. Einnig ætlar þá Páll Leó að fara yfir hlutverk nýja Skólaráðsins. Veitingar í boði okkar. Stjórnarkjör. Sigurbjörg og Ragnheiður Þóra ganga út úr stjórn og erum við að leita eftir nýjum aðilum. Nokkrar hugmyndir um nýja meðlimi og verður farið í það að heyra í þeim. Ætlum að vera komnar með tilnefningar fyrir aðalfundinn svo ekki þurfi að finna fólk á fundinum. Harpa les svo skýrslu stjórnar og Ragnheiður skýrslu gjaldaera. Fundarstjóra reynum við að finna á fundinum en ef það tekst ekki ætlar Ragnheiður Þóra að taka það hlutverk að sér. Ragnheiður sér um að kaupa drykki og veitingar. Petra Rós sér um að auglýsa fundinn og Harpa ætlar að hafa samband við Magneu og Palla varðandi auglýsingar á heimalestrarskrár og á heimasíðu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 22:40
Petra Rós ritari, ritaði fundinn